

Mál nr. 240/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Skaðabótaábyrgð vegna slyss í dagvist****Gögn.**

Málskot móttakið 8.6.2021, auk fylgiskjala.
Bréf V, dags. 25.6.2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er málsatvikum lýst þannig að M, sem er skóli fyrir börn með sérþarfir, hafi verið í dagvist þann 18. júní 2020. Hún hafi verið að leika sér á lóð félagsmiðstöðvarinnar þegar samnemandi hennar, A, hafi gengið aftan að henni og hrint henni í jörðina með þeim afleiðingum að hún varð fyrir meiðslum á hægri fæti.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysi hennar á grundvelli almennu sakareglunnar og reglunni um vinnuveitendaábyrgð X. Fyrir liggi að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafi sýnt af sér gáleysi við eftirlit og aðgæslu A, þ.m.t. að tveir starfsmenn hafi haft eftirlit og gæslu með A en aðeins annar þeirra hafi verið með A þegar slysið varð. Þá hafi A áður sýnt af sér sambærilega hegðun og starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar hafi ríka skyldu til að hafa fullnægjandi eftirlit með A.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og hafnar því að slys M megi rekja til saknæmrar hegðunar eða eftir atvikum athafnaleysis starfsmanna X eða að slysið verði rekið til annarra atvika sem X beri ábyrgð á. Í málinu sé upplýst að á tjónsdegi hafi verið ofmönnum, þ.e. venjulega hafi aðeins einn starfsmaður eftirlit með A og því hafi ekki skort á eftirlit þegar tjónið varð. Þá er því hafnað að A hafi áður sýnt af sér sambærilega hegðun. Einnig sé ekki hægt að fallast á að starfsmenn frístundamiðstöðvarinnar hafi mátt sjá umræddan atburð fyrir og getað komið í veg fyrir hann. Atburðarrásin hafi verið hröð og ófyrirsjáanleg. Þá sé það vart talið starfsmönnum til gáleysis eða talið vanræksla á eftirliti að för A, þegar hann tók á rás, hafi ekki verið stöðvuð. Þannig hafi það komið öllum á óvörum að A skuli hafa ýtt M með þeim afleiðingum að hún varð fyrir tjóni. Í málinu sé ekkert fram komið sem bendir til þess að atvikið sé að rekja til ófullnægjandi öryggisráðstafana eða vanrækslu af hálfu starfsmanna X.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur á meðal aðila um málsatvik. Hins vegar er ágreiningur um hvort A hafi áður sýnt af sér sambærilega háttsemi. Gegn neitun X verður að telja það ósannað. Þá liggur einnig fyrir að ekki haft skort á mönnum eða eftirlit með A á tjónsdegi, þó svo að ekki sé upplýst hvort afleysingarstarfsmaður hafi verið með A þegar tjónið varð eða ekki. Þá verður einnig að fallast á það með V að það geti ekki talist starfsmönnum X til gáleysis eða vanrækslu á eftirliti að hindra för A þegar börn á frístundaheimili eru við leik. Þannig sé það ekki tilgangur frístundaheimilisins að hindra frjálsa för barna á skólalóð eða innbyrðis samskipti þeirra. Atburðarrásin hafi verið hröð, óvænt og ófyrirsjáanleg. Verður að fallast á það með V að það verður var talið starfsmönnum X til gáleysis eða til vanrækslu að hindra för A á skólalóð við leik. Af því leiðir að ekki verður talið að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða með einhverjum hætti brugðist starfsskyldum sínum. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt úr bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. september 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögm.